



HRUNAMANNAHREPPUR

32. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILÍÐ 2018 – 2022 13. FUNDUR ÁRSINS

VERÐUR HALDINN FIMMTUDAGINN 5. NÓVEMBER 2020

KL. 14.00 Í FÉLAGSHEIMILINU Á FLÚÐUM

Árið 2020, þann 5. nóvember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Húppusal í Félagsheimilinu á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að taka fyrir eitt mál, niðurstaða verðkönnunar vegna undirbúnings og útboðs á sorphirðu. Sveitarstjórn samþykkir að erindið verði lagt fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. **Drög að fjárhagsáætlun 2021-2024. (Fyrri umræða)**

Lögð voru fram drög að fjárhagsáætlun 2021-2024 og minnisblað um forsendur áætlunarinnar. Þá var lögð fram útkomuspá fyrir árið 2020. Sveitarstjóri fór yfir helstu kennitölur og forsendur fjárhagsáætlunarinnar fyrir árið 2021. **Helstu forsendur eru:** Reiknað er með að tekjur af útsvari hækki um 3 milljónir frá áætlun 2020. Gert er ráð fyrir að framlög úr **jöfnunarsjóði** hækki um 9 milljónir frá áætlun 2020. **Fasteignaskattur** er byggður á bráðabirgðaáætlun fyrir árið 2021. Fyrir liggur að almennt hækkar fasteignamat um 3,4%. **Álagningarhlutföll** ársins 2021 vegna fasteignagjalda verða óbreytt frá árinu 2020. Lóðaleiga verði áfram 0,5% af fasteignamati. **Gjaldskrár** hækki almennt um 2,7% í samræmi við verðlagspá. **Rekstur einstakra málaflokka var yfirfarinn** með hliðsjón af áætlun síðasta árs og gerðar breytingar eftir því sem ástæða var talin til. Haft var samráð við forstöðumenn deilda. **Þjónustutekjur** sem lagðar eru á með fasteignagjöldum eru áætlaðar með hliðsjón af fyrirbyggjandi tillögum. **Önnur atriði:** Gert er ráð fyrir afborgunum lána í samræmi við skilmála þeirra. **Eignasjóður – rekstur:** Til tekna færast leigutekjur frá aðalsjóði en til gjalda færast bein rekstrargjöld s.s. viðhald, fasteignagjöld og tryggingar. **Eignasjóður, fjármunatekjur og fjármunagjöld:** Meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda færast vaxtagjöld af langtímaskuldum við aðalsjóð og vegna annarra langtímalána. **Fjárfestingar og lántökur:** Gert er ráð fyrir nettó fjárfestingum að fjárhæð kr. 336,5 millj., aðallega vegna gatna- og veituframkvæmda í Laxárhlið, gatnakerfis vegna hringtorgs á Flúðum og frágangs lóðar og bílastæða við félagsheimili, ípróttahúss/ ípróttasvæðis, ljósleiðara, fráveitu, vatnsveitu og hitaveitu. Gert er ráð fyrir lántöku að fjárhæð kr. 260 millj. vegna þessara fjárfestinga. **Helstu niðurstöður:** Samkvæmt niðurstöðum rekstrarreiknings er tekjuafgangur á samstæðunni (A og B) að fjárhæð kr. 1,7 millj.

Eftir umræður og fyrirspurnir samþykkti sveitarstjórn að vísa áætluninni til seinni umræðu með breytingum sem ræddar voru á fundinum og þau atriði sem þarf að skoða sérstaklega á milli umræðna.

2. **Ákvörðun um álagningarprósentu útsvars 2021.**

Oddviti kynnti og lagði fram tillögu um álagningarprósentu útsvars árið 2021. Lagt er til að álagning verði 14,52% sem er sú sama og var á síðasta ári. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

3. **Álagningarhlutfall fasteignaskatta 2021.**

Oddviti kynnti og lagði fram tillögu um álagningarhlutfall fasteignaskatta fyrir árið 2021. Lagt er til að álagningarhlutfall verði óbreytt frá fyrra ári. Álagningarhlutfall 2021 verður því í A-flokki 0,49%, B-flokki 1,32% og í C-flokki 1,32%. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

4. **Tillaga að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna Hrunamannahrepps 2021.**

Oddviti lagði fram tillögu að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna fyrir árið 2021. Sveitarstjórn samþykkir að laun sveitarstjórnarmanna, annarra en oddvita, verði 7% af þingfararkaupi á mánuði en laun oddvita verði samkvæmt starfssamningi. Varamaður í sveitarstjórn fær 3,5% af þingfararkaupi fyrir hvern setinn fund. Að öðru leyti hækka þóknunir fyrir nefndarstörf um 2,7%.

5. **Tillaga um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Hrunamannahreppi 2021.**

Oddviti lagði fram og kynnti tillögu að reglum um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega þar sem tekjuviðmið hækka um 10% milli ára.

Sveitarstjórn samþykkir afsláttarreglurnar.

6. **Gjaldskrá fyrir íþróttahús og sundlaug 2021.**

Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir sundlaug og íþróttahús. Þar er gert ráð fyrir að stök gjöld fullorðna hækki um 5%, kort fyrir fullorðna hækki um 2,7% en gjöld fyrir börn hækki ekki. Aðrar hækkanir eru um 2,7% nema útseldar vörur úr sundlaug. Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd þar sem lagðar voru til ákveðnar breytingar á gjaldskrá. Sveitarstjórn frestar málinu til desemberfundar sveitarstjórnar.

7. **Tillaga að gjaldskrá fyrir félagsheimilið 2021.**

Oddviti lagði fram tillögu að 2,7% hækkun á gjaldskrá fyrir Félagsheimilið. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna. Ný gjaldskrá tekur gildi 1. janúar 2021.

8. **Gjaldskrá mótuneytis 2021.**

Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir mótuneyti Flúðaskóla, Undralands, Heimalands og skóladagheimilis en þar er gert ráð fyrir 2,7% hækkun á gjaldskrá. Gert er ráð fyrir að verð á hressingu í Flúðaskóla hækki úr kr. 81 í kr. 83 og skólamáltíð hækki úr kr. 380 í kr. 390 fyrir börn og starfsfólk sveitarfélagsins. Í leikskólanum Undralandi hækki gjald fyrir hádegisverð úr kr. 360 í kr. 370, morgunhressing hækki úr kr. 77 í kr. 79 og síðdegishressingu úr kr. 118 í kr. 121. Þá er lagt til að tímaggjald vistunar í skólaseli hækki úr kr. 344 í kr. 353, gjald fyrir máltíð úr kr. 123 í kr. 126. Máltíð vegna Heimalands og annarra hækki úr kr. 718 í kr. 738 og heimsendingargjald á hverja máltíð hækki úr kr. 195 í kr. 200 fyrir hvern skammt til eldri borgara. Tillaga að gjaldskrá hefur verið lögð fyrir skólanefnd og samþykkt. Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána sem tekur gildi þann 1. janúar 2021.

9. **Tillaga að gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi 2021.**

Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs fyrir árið 2021. Gert er ráð fyrir að jafnaði 9% hækkun frá síðasta ári á sorpeyðingargjaldi sem er tilkomin vegna mikillar kostnaðaraukningar við meðhöndlun og eyðingu og síðan hækkar sorphirðugjald um 2,7%. Sorphirðugjald íbúðarhúsa verður kr. 42.100 í stað kr. 41.000. Sorpeyðingargjald íbúðarhúsa hækkar úr kr. 24.700 í kr. 26.900, frístundahúsa úr kr. 23.500 í kr. 28.200 og atvinnuhúsnæðis úr kr. 60.400 í 65.800. Sérstakt aukasorggjald þar sem flokkað er eftir magni í 9 flokkum hækkar einnig um 9%. Leiga á gámum og blátunnukörum hækkar um 2,7%.

Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá umhverfisnefnd og samþykkt að öðru leyti en því að lögð er 5% hækkun á aukasorggjöldum. Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána enda liggur fyrir að taprekstur af málaflokknum er áætlaður, þrátt fyrir gjaldskrárhækkanir, kr. 11. millj. á árinu 2021.

10. **Gjaldskrá Hrunaljóss 2021.**

Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir Hrunaljós fyrir árið 2021. Gert er ráð fyrir að gjaldskrá Hrunaljóss hækki um 2,7% nema tengigjöld í dreifbýli og þéttbýli verði óbreytt. Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir í veitustjórn og samþykkt. Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána sem tekur gildi 1. janúar 2021.

11. **Gjaldskrá vatnsveitu 2021.**

Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir vatnsveitu. Gjaldskrá vatnsveitu vegna íbúðarhúsnæðis lækkar úr 0,22% í 0,21% af fasteignarmati en lágmarksgjald hækkar í kr. 38.100 eða um 2,7%. Hámarksgjald á íbúðarhús hækkar í kr. 56.500 eða um 2,7%. Fast vatnsgjald í frístundahús hækkar um 2,7% og verður kr. 38.100. Vatnsgjald í atvinnuhúsnæði verður óbreytt 0,15% af fasteignarmati og lágmarksgjald óbreytt eða kr. 65.000. Heimæðagjöld hækka um 2,7%. Aðrar hækkningar nema 2,7%. Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá veitustjórn og samþykkt. Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.

12. **Gjaldskrá fráveitu 2021.**

Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir fráveitu. Gjaldskrá vegna fráveitu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði í þéttbýlinu á Flúðum verður óbreytt eða 0,15% af fasteignarmati en hámarksgjald íbúðarhúsnæðis hækkar í kr. 56.500 eða um 2,7%. Hámarksgjald á atvinnuhúsnæði hækkar í kr. 219.400 eða um 2,7%. Árlegt gjald fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa utan þéttbýlisins á Flúðum verður kr. 10.600 og hækkar um 7%. Heimæðagjöld í þéttbýlinu á Flúðum hækka um 2,7%. Aðrar hækkningar nema 2,7%.

Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá veitustjórn og samþykkt með athugasemd af hálfu D-lista. Sveitarstjórn frestar málinu til desemberfundar sveitarstjórnar.

13. **Brunavarnir Árnæssýslu: Lántaka.**

Oddviti kynnti málið en Brunavarnir Árnæssýslu þurfa að taka lán vegna kaupa á stigabíl.

Hrunamannahreppur samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Brunavarna Árnæssýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 100.000.000 kr., í samræmi við skilmála láns til ársins 2034 eins og þeir verða á þeim tíma er lánið er tekið. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Brunavörnum Árnæssýslu. Lánið er tekið í tvennu lagi, 30 millj.kr. á árinu 2020 og 70 millj.kr. á árinu 2021.

Hrunamannahreppur veitir lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að fjármagna kaup á nýjum stigabíl til slökkvistarfa sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Hrunamannahreppur skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Brunavarna Árnæssýslu til að breyta ekki ákvæði samþykktu Brunavarna Árnæssýslu sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Hrunamannahreppur selji eignarhlut í Brunavörnum Árnæssýslu. til annarra opinberra aðila, skuldbindur Hrunamannahreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Jóni G. Valgeirssyni, sveitarstjóra, kt. 06568-4809 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Hrunamannahrepps veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánssamninginn.

14. **Gröf gatnagerð: Niðurstæða útboðs.**

Oddviti niðurstæðu útboðs í gatnagerð í Gröf. Þrjú tilboð bárust, frá Aðalleið ehf, kr. 94.487.100, Fögrusteinum ehf, kr. 81.252.610 og Gröfutækni ehf, kr. 76.740.900. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á kr. 94.682.000. Sveitarstjórn samþykkir að ganga að tilboði Gröfutækni ehf og felur sveitarstjóra að ganga frá verkamningi.

15. **Umhverfisstofnun: Tilnefning fulltrúa í samstarfsnefnd um verndarsvæði Kerlingarfjalla.**

Oddviti kynnti erindi frá Umhverfisstofnun þar sem óskað er eftir tilnefningu fulltrúa frá Hrunamannahreppi í samstarfsnefnd um verndarsvæði í Kerlingarfjöllum. Sveitarstjórn tilnefnir Halldóru Hjörleifsdóttur og/eða Daða Geir Samúelsson.

16. **Ásabyggð 15: Forkaupsréttur.**

Oddviti kynnti beiðni frá Fasteignasölunni Lind þess efnis að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásabyggð 15, skv. lóðaleigusamningi vegna eignarinnar. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásabyggð 15, Flúðum í Hrunamannahreppi, fastanúmer 220-4121 skv. samþykktum kaupsamningi í eignina.

17. Ásabyggð 17: Forkaupsréttur.

Oddviti kynnti beiðni frá Land Lögmönnum þess efnis að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásabyggð 17, skv. lóðaleigusamningi vegna eignarinnar. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásabyggð 17, Flúðum í Hrunamannahreppi, fastanúmer 220-4123 skv. samþykktu afsali í eignina.

18. Ungmennaráð Hrunamannahrepps: Skipun.

Oddviti kynnti tilnefningar í ungmennaráð Hrunamannahrepps fyrir starfsárið 2020-2021. Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd skipaði í ungmennaráð Hrunamannahrepps. Þar eru sem aðalmenn þau Núi Mar Jónsson og Hjörný Karlsdóttir á seinna ári skipunar en Una Bóel Jónsdóttir skipuð til tveggja ára. Til vara er Helga Margrét Óskarsdóttir á seinna ári skipunar og Ragnheiður Guðjónsdóttir skipuð til tveggja ára. Þá hefur félagsmiðstöðin Zero skipað sem fulltrúa sinn í ungmennaráðið Birgi Val Thorsteinson og til vara Ásdísi Mjöll Benediktsdóttur. Einnig hefur nemendaráð Flúðaskóla skipað fulltrúa sinn í ráðið Valdísi Unu Guðmannsdóttur og til vara Önnu Katrínu Víðisdóttur. Sveitarstjórn staðfestir skipun í ungmennaráð Hrunamannahrepps.

19. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði fimmtudaginn 12. nóvember nk. kl. 14:00 í félagsheimilinu á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

20. Umhverfisnefnd: Fundargerð 13. fundar frá 20. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 13. fundar umhverfisnefndar. Á fundinn mætti Jón G. Eiríksson umsjónarmaður umhverfismála og farið var yfir stöðu umhverfismála í sveitarfélaginu og stöðu á gámasvæðinu. Þá var farið yfir fjárhagsáætlun umhverfismála 2021, fjallað um gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs og kynnt fjárhagsáætlun og gjaldskrá vegna fráveitumála. Þá voru tekin fyrir drög að aðgerðaráætlun SOS í úrgangsmálum. Umhverfisnefnd lagði til að aukasorpjöld hækki ekki meira en sem nemur 5% og lýsir stuðningi við aðgerðaráætlun SOS. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að gera minnisblað vegna álagningar aukasorphirðugjalda. Þá tekur sveitarstjórn undir bókun nefndarinnar vegna aðgerðaráætlunar SOS en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

21. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 16. fundar landbúnaðarnefndar frá 2. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 16. fundar landbúnaðarnefndar þar sem fjallað var um breytingar á fjöldatakmörkun í réttir vegna Covid-19 og ákveðið um fjölda réttarmanna frá hverjum bæ. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

22. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 17. fundar landbúnaðarnefndar frá 21. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 17. fundar landbúnaðarnefndar þar sem fjallað var um að flýta eftirsafni og skipulagninu á því. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

23. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 18. fundar landbúnaðarnefndar frá 27. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 18. fundar landbúnaðarnefndar þar var farið yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir málaflökkinn 2021. Var í því sambandi fjallað um girðingar á afrétti, viðhald fjallvega og fjallaskála, minka- og refaveiði, réttir og fjallskilamál.

Fyrir nefndinni lá tillaga að álagning fjallskila fyrir árið 2020 yrði óbreytt frá árinu 2019 þannig að lögbýli greiði áfram 1,3% af landverði en gjald fyrir vetrarfóðraða kind hækki úr kr. 87 í kr. 89. Sveitarstjórn samþykkir tillögu að álagningu fjallskila fyrir árið 2020 en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

24. Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 11. fundar frá 26. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 11. fundar lýðheilsu- og æskulýðsnefndar. Þar var farið yfir fjárhagsáætlun 2021, rætt um opnunartíma sundlaugar og tækjasalar, Covid-19, gildissvið árskorta og heilsueflandi samfélag. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

25. **Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 12. fundur frá 28. október s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 12. fundar lýðheilsu- og æskulýðsnefndar. Sveitarstjóri mætti til að kynna fjárhagsáætlun 2021 og kynna tillögu að breytingum á gjaldskrá í tækjasal, íþróttahúsi og sundlaug fyrir árið 2021. Kom nefndin með tillögur að breytingum á gjaldskrá og opnunartíma sundlaugar, fagnar endurnýjun á tækjum í tækjasal og hlakkar til að sjá frekari áform um byggingu nýrrar sundlaugar og íþróttamiðstöðvar. Sveitarstjórn sér ekki fram á að hægt sé að auka framlag mikið meira til reksturs sundlaugar og íþróttahúss en óskar eftir því að nefndin í samvinnu við forstöðumann íþróttamannvirkja geri greinargerð um mögulegar breytingar á opnunartíma innan þess kostnaðarramma.
26. **Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 13. fundar nefndarinnar frá 28. október s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 13. Fundar atvinnu-, ferða- og menningarnefndar. Farið var yfir fjárhagsáætlun fyrir næsta ár, verkefni tengd henni og gjaldskrá félagsheimilis. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
27. **Öldungaráð Hrunamannahrepps: Fundargerð 20. fundar frá 19. október s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 20. fundar öldungaráðs. Farið var yfir afslátt á fasteignagjöldum hjá eldri borgurum, kynnt fjárhagsáætlun 2021, hækkun viðmiðunartekna vegna afslátts af fasteignagjöldum, heimaþjónustu, rekstur Heimalands o.fl. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
28. **Skólanefnd: Fundargerð 13. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 29. október s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 13. fundar skólanefndr frá 31. október vegna Flúðaskóla. Þar var m.a. farið var yfir drög að gjaldskrá mötuneytis og skólavistunar fyrir árið 2021 og drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2021. Þá var samþykkt starfsáætlun fyrir Flúðaskóla og reglur um merkingu skólabifreiða þar sem skólanefnd samþykkti undanþágubeiðni skólabílstjóra. Sveitarstjórn samþykkir starfsáætlun Flúðaskóla 2020-2021 og undanþágubeiðni skólabílstjóra en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.
29. **Skólanefnd: Fundargerð 13. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 30. október s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 13. fundar skólanefndar frá 30. október vegna Undralands. Á fundinum var farið yfir tillögu að gjaldskrá næsta árs vegna mötuneytis þar sem gert var ráð fyrir 2,7% hækkun. Þá var tillaga að gjaldskrá vegna vistunargjalda tekin fyrir þar sem gert er ráð fyrir að fyrir hverjar 15 mín. utan kjarnatíma verði gjaldið fyrir þær kr. 5.149 á mánuði hjá gjaldfrjálsum börnum en kr. 910 á mánuði hjá öðrum. Gert er ráð fyrir að leikskólajöld og afsláttarkjör verði að öðru leyti óbreytt nema 15. mín aukagjöld hækki um 2,7%, þá var lagt til að gjaldfrelsi verði fyrir þrjá elstu árganga leikskólans frá og með skólaárinu 2021-2022 og var tillagan samþykkt. Þá var farið yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 og tillögu starfsmanna um styttingu vinnuvikunnar. Farið var yfir skýrslu leikskólastjóra, skólanámskrá, starfsáætlun, skoðunarskýrslu Heilbrigðiseftirlitsins og niðurstöðu rafrænnar könnunar til foreldra um opnunartíma leikskólans. Sveitarstjórn samþykkir starfsáætlun leikskólans fyrir 2020-2021 og tillögu að gjaldskrá leikskólans en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.
30. **Veitustjórn: Fundargerð 23. fundar nefndarinnar frá 3. nóvember s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 23. fundar nefndarinnar frá 3. nóvember s.l. Þar var farið yfir tillögur að gjaldskrá Hitaveitu Flúða og fjárhagsáætlun fyrir 2021, gjaldskrá og fjárhagsáætlun fyrir vatnsveitu árið 2021, gjaldskrá og fjárhagsáætlun fráveitu 2021 og gjaldskrá og fjárhagsáætlun Hrunaljóss fyrir árið 2021. Einnig voru kynnt málefni vegna móttöku og hreinsun á seyru og farið yfir fundargerð stjórnar Flúðaorku og dælumælingar á KV-02 á Kópavatni. Gert er ráð fyrir að gjaldskrá Hitaveitu Flúða hækki um 2,7%. Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlanir Hitaveitu Flúða og Hrunaljóss en fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

31. Fundargerð 203. fundar skipulagsnefndar frá 14. október og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 203. fundar skipulagsnefndar frá 14. október og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. október s.l.

Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 20. Unnarholt: Staðfesting á afmörkun og breytt heiti lóðar.

Lögð er fram umsókn Guðmundar Traustasonar, dags. 5. október 2020, þar sem óskað er eftir staðfestingu á afmörkun lóðarinnar Unnarholt land L192736 skv. meðfylgjandi hnitsettu lóðablaði sem byggir á eldri óhnitsettum uppdrætti dags. 12. júní 2002. Lóðin er skráð 4,0 ha og mælist 4,08 ha. Samhliða er óskað er eftir að lóðin fái staðfangið Holt.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við afmörkun lóðarinnar né heitið skv. fyrirbyggjandi umsókn. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki eigenda aðliggjandi landeigna þar sem við á.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki eigenda aðliggjandi landeigna þar sem við á.

Mál nr. 26. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. október s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. október s.l.

32. Oddvitanefnd UTU. Fundargerð vegna seyrusamstarfsins frá 6. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerð oddvitanefndar UTU frá 6. október um seyrusamstarfið. Þar var farið yfir hvernig gengið hefur í sumar og stöðuna núna og rætt um endurnýjun á samstarfssamningi sveitarfélaganna og næstu skref. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

33. Skóla- og velferðarþjónusta Árneshöfða: Fundargerð aðalfundar frá 22. október s.l. fjarfundur.

Oddviti kynnti fundargerð aðalfundar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfða bs. frá 22. október sl. Þar var farið yfir starfsskýrslu 2019, ársreikning 2019 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2021. Þá var rætt um samþykktir, ráðning löggiltis endurskoðanda, Covid-19 og upplýsingagjöf. Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlun 2021 en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

Önnur mál.

34. Niðurstæða verðkönnunar vegna undirbúnings og útboðs á sorphirðu.

Oddviti kynnti niðurstæðu sameiginlegrar verðkönnunar sveitarfélaganna fjögurra í Uppsveitum vegna undirbúnings og útboðs á sorphirðu.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að taka tilboði lægstbjóðanda frá Berki Brynjarssyni, verkfræðingi.

Kynningarmál:

a. Samband íslenskra sveitarfélaga: Minnisblað vegna forsenda fjárhagsáætlana 2021-2024.

Lagt fram til kynningar.

b. Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytið: Fjárhagsáætlanir, frestir.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18:40.